

Lög um lendingarbætur í Grindavík, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 113.

Lög um breyting á lögum nr. 98 14. maí 1940, um eignar- og notkunarrétt jarðhita, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 114.

Lög um breyting á lögum nr. 39 19. júní 1933, um kjötmat o. fl., undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 115.

Lög um ættaróðal og erfðaábúð, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 116.

Lög um viðauka við lög nr. 56/1933, um viðauka við og breyting á lögum nr. 68/1917, um áveitu á Flóann, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 117.

Lög um veiting ríkisborgararéttar, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 118.

Lög um breyting á lögum nr. 61 4. júlí 1942, um málflytjendur, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 119.

Lög um breyting á lögum nr. 57 29. des. 1937, um lestrarfélög og kennslukvikmyndir og lögum nr. 75 1942, um breyting á þeim lögum, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 120.

Fjárukalög fyrir árið 1940, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 121.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina og ríkisstofnanir að greiða eftirlaun, er sérstaklega stendur á um, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 122.

Lög um heimild til lántöku fyrir ríkissjóð, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 123.

Lög um breyting á lögum nr. 99 19. júní 1933, um veitingaskatt, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 124.

Lög um breyting á lögum nr. 81 7. maí 1940, um breyting á lögum nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 125.

Lög um viðauka við og breyting á lögum nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl., undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 126.

Lög um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1940, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 127.

Lög um, að gjafir til vinnuhælis berklasjúklinga skuli dregnar frá skattskyldum tekjum gefenda við dlagningu skatta til ríkis og bæjar eða sveitar, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 128.

Ríkisstjórabréf, er stefnir Alþingi saman til reglulegs fundar mánudaginn 10. jan. 1944, undirskrifað af ríkisstjóra sama dag, nr. 129.

Fjárlög fyrir árið 1944, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 130.

Auglýsing frá ríkisstjórninni, birt í 69. tbl. Lögbirtingablaðsins 214 1943, um endurnýjun ferðaskírteina skipa samkvæmt fyrir mælum 18. nóv. brezku flotastjórnarinnar.

Brezka flotastjórnin hefur tilkynnt íslenzku ríkisstjórninni að nauðsynlegt sé að öll íslensk skip, 10 til 750 smálestir að stærð, fái endurnýjuð, eins fljótt og unnt er eftir 1. desember 1943, ferðaskírteini þau, sem um ræðir í tilkynningu ríkisstjórnarinnar, dags. 7. marz 1941.

Skírteini þessi verða afgreidd sem hér segir:

Í Reykjavík hjá brezka aðalkonsúlnum, á Akureyri hjá brezka vice-konsúlnum, á Seyðisfirði hjá brezku flotastjórninni og í Vestmannaeyjum hjá brezka vice-konsúlnum.